

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga



sik.is

Gjafmildi Guðs

Guð þráir að fá að gefa og blessa. Gjafmildin er hluti af innsta eðli hans. Í allri frásögn Biblíunnar verðum við vitni að gjafmildi Guðs og hvernig hann þráir að fá að úthella kærleika sínum yfir líf okkar manna. Fyrirheitin mörgu um bæn og bænheyrslu tjá okkur þetta með ákaflega skýrum hætti. Í raun hefur Guð í bæninni sett okkur stefnumót, þar sem þarfir okkar og gjafmildi hans mætast.

„Biðjið og yður mun gefast, leitið og þér munuð finna, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða. Því að hver sá öðlast sem biður, sá finnur sem leitar, og fyrir þeim sem á knýr mun upp lokið verða... Fyrst þér sem eruð vond hafið vit á að gefa börnum yðar góðar gjafir, hve miklu fremur mun þá faðir yðar á himnum gefa þeim góðar gjafir sem biðja hann?“ (Mt. 7.7-8 og 11).

Við mennirnir gerum okkur því miður oft allt aðra mynd af Guði en þá sem hér kemur fram. Í huga okkar verða til ýmiskonar ranghugmyndir. Stundum virðist jafnvel eins og við hugsum okkur Guð helst sem hálfgerðan nískupúka og nánös, sem ekki vilji hlusta á bænir okkar né uppfylla þarfir okkar. Hann sé fyrst og fremst upptekinn við að gæta sem best hinna himnesku gæða þannig að vart sé hægt að slíta þau úr hendi hans.

Ekkert getur verið fjarri sannleikanum en slíkar hugmyndir. Guð er þvert á móti „fullríkur fyrir alla sem ákalla hann“ (Róm. 10.12). Þetta merkir að vísu ekki, að við getum sagt honum fyrir verkum eins

og okkur sýnist og ráðið því ein, hvernig gjafmildi hans birtist í lífi okkar. Skilningi okkar og yfirsýn yfir líf okkar og þarfir eru veruleg takmörk sett. Gildismat okkar er oft brenglað. Þess vegna er það einmitt svo gott að mega vita, að Guð svarar bænum okkar (og það gerir hann alltaf!) út frá þeirri yfirsýn, sem honum einum er gefin – og út frá raunverulegum þörfum okkar en ekki bara eins og við gerum okkur í hugarlund, af skamsýni okkar og síngirni, að hann eigi að svara.

Af þessu leiðir að við getum ávallt lifað, unnið og beðið til hans með gleði og eftirvæntingu. Því Guð hefur jafnvel meira að gefa en við kunnum að biðja um!

„Hann sem þyrmdi ekki sínum eigin syni heldur framseldi hann fyrir okkur öll, hvort mundi hann ekki líka gefa okkur allt með honum?“ (Róm.8.32).

Við skulum því vera staðföst í bæninni og biðja Guð að blessa líf okkar og þjónustu. Biðjum hann að gefa vakningu okkar á meðal. Biðjum hann um djörfung, trúfesti og kraft. Biðjum um hungur eftir orði hans, þrá eftir samfélagi við hann og eftirvæntingu eftir þeirri blessun sem hann vill senda. Væntum gjafa hans!

Sr. Gísli Jónasson

Sálmur 712

Dag í senn, eitt andartak í einu, eilíf náð þín, faðir, gefur mér. Mun ég þurfa þá að kvíða neinu, þegar Guð minn fyrir öllu sér? Hann sem miðlar mér af gæsku sinni minna daga skammtí af sæld og þraut, sér til þess, að færa leið ég finni fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri, á við hverjum vanda svar og ráð, máttur hans er allri hugsun hærri, heilög elska, viska, föðurnáð. Morgundagsins þörf ég þekki eigi, það er nóg, að Drottinn segir mér: Náðin mín skal nægja hverjum degi, nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum frið og styrk, sem ekkert buga má. Auk mér trú og haltu huga mínum helgum lífsins vegi þínum á, svo að ég af hjartaþeli hreinu, hvað sem mætir, geti átt með þér daginn hvern, eitt andartak í einu, uns til þín í ljóssins heim ég fer.

L. Sandell-Berg / Sigurbjörn Einarsson

Kristniboðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniboðsfréttir segir frá kristniboðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniboð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Hægt er að skrá áskrift með því að hafa samband við skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með rafpósti til kristnibod@sik.is – annað hvort prentaða útgáfu í almennum pósti eða með rafrænum hætti á rafpóstfang viðtakanda. Áskrift er ókeypis!

Ritstjóri er Friðrik Hilmarsson Zimsen

Útlit og uppsetningu annast Huguína Lena Hansdóttir

Prentun er í höndum Litrófs.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniboðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: kristnibod@sik.is Vefslóð: www.sik.is

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

Forsíðumynd: Frá Malí. Sveinn Einar Zimsen og Bergfrid Almelid ásamt samstarfsmönnum sínum, Ismael og Youssouf, við ána sem nú rennur á ný (sjá grein).

Hvað er kristniboð

Kristniboð snýst um að gera Jesú Krist þekktan meðal þjóðanna með því að boða fagnaðareringið um hann og sýna fólki kærleika Guðs í verki með kærleikþjónustu sem veitt er án nokkurra skilyrða og nokkurra þvingana. Þannig hefur fólki verið hjálpað með ýmsum hætti á sviði heilsuverndar og heilsugæslu, menntunar og skóla-starfs, fræðslu um umhverfismál, trjárækt og sjálfbærni, með valdefelingu kvenna o.fl. SÍK tekur þátt í ýmsum verkefnum í Eþíópíu og Keníu með fjárframlögum og ráðgjöf og er með kristniboða í Japan. Með þátttöku í öflugum fjölmiðlastarfi fær fjöldi fólks tækifæri til að kynna Jesú Kristi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Pakistan og Kína. Hagnýt ráð og hjálp veitir von og styrk.

Á Íslandi er boðunar- og fræðslustarf á samkomum og fundum, með útgáfu lefensins og birtingu á netinu. SÍK býður útlendingum ókeypis íslenskukennslu.

Fjármál

Starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks, fjárföllum og sölu á nytjamarkaði Basarsins. Þjóðkirjkan styður starfið með árlegu framlagi, Utanríkisráðuneytið styrkir afmörkuð verkefni eftir umsókn og Rannís íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2800 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er um 100 milljónir á þessu ári. Nú eru gjafir að upphæð 10.000 til 350.000 á ári frádráttarþærar til skatts.

Aðalfundur gekk vel

- Góðar umræður og lagabreytingar

Aðalfundur Kristniboðssambandsins var haldinn miðvikudaginn 4. maí síðastliðinn. Um 35 manns sóttu fundinn þar sem venjuleg aðalfundarstörf voru á dagskrá: Skýrsla stjórnar og starfsáætlun, ársreikningur liðins árs og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, skýrslur frá kristniboðsfélögnum, stjórnarkjör og val á skoðunarmönnum auk almennra umræðna.

Engin breyting varð á aðalstjórn á fundinum en í henni sitja Ásta Bryndís Schram, Guðlaugur Gunnarsson, Katrín Ásgrímsdóttir, Kristján S. Sigurðsson og Ólafur Jóhannsson. Varamenn eru Sigurður Pálsson og Ingveldur Ragnarsdóttir en hún kom inn í stað Sveins Jónssonar sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs.

Í skýrslu gjaldkera kom fram að rekstur liðins árs var nokkurn veginn í jafnvægi en bókfærður halli upp á um 5 milljónir er vegna afskrifta upp á 5,4 milljónir. Tekjur komu frá einstaklingum, fyrirtækjum, kirkjum (mest frá Þjóðkirkjunni, 10 milljónir) og fjárflyunarverkefnum. Einnig frá Basarnum nytjamarcaði og Rannís vegna íslenskukennslunnar og frá utanríkisráðuneytinu vegna skólaverkefnis í Keníu.

Gjaldkeri kynnti einnig fjárhagsáætlun sem er upp á rétt tæpar 100 milljónir og er



Þátttakendur á aðalfundi 2022

stefnt að því að halda jafnvægi í útgjöldum og tekjum.

Stjórnin lagði fram nokkrar breytingartillögur á lögum eða samþykktum Kristniboðssambandsins. Tóku þær mið af ábendingum sem fram komu eftir úttekt, áreiðanleikakönnun og stofnanafærni Kristniboðssambandsins síðastliðið haust. Skýrar er kveðið á um ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Einnig var reynt

að samræma orðanotkun í leiðinni. Ein lítilsháttar orðalagsbreyting var gerð á tillögum stjórnar sem voru samþykktar. Löggin eða samþykktirnar eru aðgengilegar öllum á vefsíðu Kristniboðssambandsins – sik.is.

Fundarmenn voru ánægðir með fundinn og umræður báru merki um áhuga fólks á starfinu.

Stefnt að yfirtöku heimamanna á lestrarverkefni í Ómó Rate

Lestrarverkefnið sem verið hefur í gangi í Ómó Rate, syðst í Eþíópíu, síðastliðin 15 ár hefur orðið mörgum til hjálpar í að ná tókum á lestri. Fáir höfðu tækifæri til að setjast á skólabekk á þessu svæði en með átaki í lestrarkennslu hafa margir lært að lesa. En á köflum hefur gengið brösuglega að fylgja verkefninu eftir og fá fréttir af því.

Í fyrra kom fram sú ósk að breyta skipulaginu og færa verkefnið yfir á hendur yfirvalda á svæðinu til þess að tryggja gott gengi þess á komandi árum. Stjórn Kristniboðssambandsins hefur samþykkt að styrkja verkefnið í ár með um 600 þúsund króna framlagi sem verði jafnframt

lokastyrkur til þess. Þeir fjármunir verða notaðir til að þjálfa upp fleiri kennara og tryggja að vel sé staðið að kennslunni á öllum starfsstöðvum verkefnisins.

Bætt í stuðning við laun prédikara í Suður-Eþíópíu.

Í byrjun árs barst beiðni frá kirkjunni í suðurhluta Eþíópíu um aukin framlög vegna launa prédikara í útbreiðsluverkefni í Voító dalnum og víðar. Laun hafa staðið í stað að mestu en kaupmáttur farið versnandi. Víða er mikill áhugi á að heyra og kynnst fagnaðareringinu og tækifærin til starfa eru mörg. Stjórnin féllst á að hækka framlagið enda barst Kristniboðssambandinu myndarleg gjöf, ein milljón króna, frá velunnara starfsins á sama tíma.

Spenna í Konsó og á landsvísu í Eþíópíu

Vaxandi spenna hefur einkennt stjórn málin í Eþíópíu að undanfögnu eins og sagt hefur verið frá í Kristniboðsfréttum. Jafnframt hafa verið gerðar skipulagsbreytingar á starfssvæðum kristniboðsins í Konsó og Gíðóle sem leiddu af sér upppot þar sem hús voru brennd og fólk drepið. Eitthvað hefur róast á svæðinu en ástandið er talið vera viðkvæmt og lítið má út af bera. Þetta hefur haft þó nokkur áhrif á starf kirkjunnar og hindrað fólk í að ferðast milli staða.

Minumst þessa í bænum okkar, kristniboðsvinir.

Árangursríkt starf í Addis Abeba



Verkefni Kristniboðssambandsins eru fjölmörg. Eitt þeirra nefnist „Af götu í skóla“.

Upphaflega var verkefnið í samstarfi við grasrótur samtökin „Hope for Children in Ethiopia“ en vegna skorts á endurgjöf frá þeim og eftirfylgni er verkefnið nú orðið alfarið unnið í samstarfi við samtökin „My sisters“. Upphaflega voru „My sisters“ samtökin stofnuð af norska kristniboðanum Marit Bakke en er nú alfarið stýrt af innlendum starfsmönnum með stuðningi frá Noregi, Íslandi, Danmörku og fleiri löndum. „My sisters“ starfar, í samstarfi við yfirvöld á staðnum, meðal þeirra allra fátækustu í Addis Abeba, höfuðborg Eþíópíu. „My sisters“ rekur dagheimili þar sem börn geta dvalið á meðan mæður þeirra, sem eru í flestum tilfellum ekkjur eða einstæðar mæður, fara til vinnu eða eru í námi. Þessar konur eru í mikilli hættu á að lenda á götunni og eru sumar þeirra fórnarlömb vændis. Samtökin reka skóla fyrir mæðurnar þar sem þær geta lært að verða leikskólaleiðbeinendur eða hárgreiðslukonur og aukið þannig atvinnumöguleika sína. Þetta er mikilvægt forvarnarstarf sem hefur áhrif, ekki síst á börnin þeirra, sem eiga annars á hættu að enda á götunni. „My sisters“ styður einnig við fjölskyldur langveikra og fatlaðra barna

í borginni með heimsóknum, fjárstuðningi, aðstoð við lyfjakaup o.fl. Einnig reka þau heilsugæslu fyrir skjólstæðinga sína þar sem þeir geta fengið hjúkrun og læknishjálp. Þann 19. mars síðastliðinn var Marit Bakke sæmd riddarakrossi norsku krúnunnar fyrir störf sín meðal kvenna og barna í Addis Abeba.

Í fréttabréfi frá „My sisters“ sem barst okkur nýlega segir frá því að nú loksins eftir tveggja ára takmarkanir er hægt að hafa heilsugæsluna opna alla daga en á meðan takmörkunum stóð var hún aðeins opin tvo daga í viku. Á heilsugæslunni fá mæðurnar þá aðstoð og lyf sem þær þurfa fyrir börnin sín án þess að þurfa að hafa áhyggjur af kostnaðinum sem því fylgir.

Nýlega var eitt barnaheimilanna gert upp, útbúið nýtt eldhús og leiksvæði fyrir börnin sem breytir miklu fyrir þau. Það var mikil gleði að fá börnin aftur í nýja uppgerða aðstöðuna.

Hárgreiðslunámið er líka komið vel af stað eftir hlé og eftir jól hófu 23 ungar konur nám í hárgreiðslu og snyrtingu. Þær læra allt mögulegt sem viðkemur snyrtingu og hárgreiðslu, allt frá hárpvotti í að að krulla og slétta hár og flétta. Einnig læra þær um hreinlæti, förðun, hand- og fót snyrtingu.

Atvinnumöguleikar eftir þetta nám eru mjög góðir. Sjö nemenda þessa árs hafa þegar fengið vinnu. Það er mikil gleði að fá að fylgja þessum ungu konum eftir.

Þetta starf byrjaði með einum kristniboða frá Noregi sem sá neyð fólksins í kringum sig og fann leiðir til að aðstoða. „My Sisters“ samtökin voru stofnuð formlega fyrir tæpum þrjátíu árum en starfið hefur sannarlega vaxið og er starfið núna að mestu orðið sjálfbært. Nú er líka að vaxa upp kynslóð ungs fólks sem naut góðs af því að mæður þeirra fengu aðstoð í neyð þegar þau voru börn. Þetta unga fólk vill gefa til baka og þau hafa nú stofnað hóp sem kallast „My Sisters Family“. Þau tengjast ákveðnum fjölskyldum sem þau heimsækja og styðja fjárhagslega og félagslega. Þetta unga fólk fær einnig stuðning, handleiðslu og leiðtogaþjálfun í gegnum „My Sisters“.

Það getur enginn hjálpað öllum en allir geta hjálpað einhverjum og starf „My Sisters“ sýnir svo sannarlega hvernig það hefur jákvæð, keðjuverkandi áhrif.

Helga Vilborg Sigurjónsdóttir tók saman.

Kristilegt mót í Noregi

Íslenskum ungmennum býðst þátttaka!



Frá landsmóti ungmennasamtaka NLM
(mynd frá nlm.no)

Á mjallahvítum degi í mars fengum við, hópur af fólki frá ungliðahreyfingu norska Kristniboðssambandsins - (Misjonssambandet Ung, áður NLM - Ung), að koma til Íslands. Það leið ekki á löngu áður en landið heillaði okkur upp úr skónum. Landslagið, það að upplifa allar fjórar árstíðirnar á einum degi, hafa aðgengi að opnum stórmörkuðum allan sólarhringinn, gómsætur lakkrís, ís í kílóavís, að ógleymdum heitum laugum og sundlaugum í fimm mínútna fjarlægð hvar sem maður er staddur, mun seint gleymast. Í stuttu máli þá dýrkum við Ísland!

En við komum ekki bara sem ferðamenn eða til að upplifa íslenska náttúru og



Norski hópurinn í íslenskrí náttúru.

menningu. Fyrst og fremst komum við til að heimsækja kristin trússystemin í SÍK, systurhreyfingu norska kristniboðssambandsins.

Við tókum þátt í kristniboðsviku í Reykjavík þar sem tekið var vel á móti okkur af trúföstum hópi ungmenna og leiðtoga. Dagskrá vikunnar var þétt skipuð með frábærum viðburðum og við fengum tækifæri til að taka þátt í nokkrum þeirra, meðal annars unglingsamkomu og lofgjördarkvöldi og svo var hluti af hópnum í viðtali á útvarpsstöðinni Lindinni. Það var mjög gaman.

Á unglingsamkomunni sögðum við frá ungmennamótinu UL (Ungdommens Landsmøte), sem haldið er árlega og er stærsta kristilega ungmennamót sem haldið er í Noregi. Við notuðum tækifærið til að bjóða íslenskum ungmennum að taka þátt í mótinu í ár. Það var svo gaman að upplifa jákvæð viðbrögð og að mörg ungmenni voru áhugasöm um að taka þátt í UL í sumar.

Mótið er haldið á hverju sumri af ungliðahreyfingu norska kristniboðssambandsins í samvinnu við aðra. Í ár verður mótið haldið í Oslofjorden Convention Center dagana 22. - 26. júní. Þetta er dásamlegur staður með frábærri aðstöðu

og miklum möguleikum á allskyns afþreyingu og baðströndum. Um leið er þar eitt stærsta ráðstefnusvæði í Evrópu. Hægt er að gista í litlum bústöðum eða á hóteli þar sem má njóta góðs matar og síðast en ekki síst er þar stór samkomusalur þar sem boðið verður upp á fræðslu í Guðs orði og kröftuga lofgjörð.

Þrátt fyrir að UL tilheyrir allskyns skemmtun og afþreying, tónleikar, tækifæri til að hitta gamla vini og kynnst nýjum þá er megintilgangur mótsins að læra meira um Jesú, að mæta honum og að eiga samfélag við önnur kristin ungmenni. Allt þetta í hópi þúsunda annarra ungmenna.

Þema mótsins í ár er „Lærisveinar“ og á átta samkomum verður farið í gegnum það þema út frá mismunandi sjónarhornum. Meðal ræðumanna í ár eru Francis Chan, Sadie Robertson Huff, Thor Haavik og Astrid Rydland Aasen. Við hlökkum mikið til að heyra frá þeim. Samkomurnar verða túlkaðar yfir á ensku en einnig verða erlendir, enskumælandi ræðumenn.

Hugsjón UL er að vera „hátíð sem breytir“. Að ungt fólk fái tækifæri til þess að kynnst Jesú, fái hvatningu og áskoranir í trúnni og verði vel í stakk búin til að lifa í fylgd með Jesú í sínu hversdagslífi. Þess vegna langar okkur í ár að bjóða ungmennum frá Íslandi, sem þekja Jesú, ókeypis aðgang en einnig öðru ungu fólki, sem er forvitið um kristna trú eða bara spennt fyrir frábæru móti. Þar sem við viljum að sem flest ungmenni frá Íslandi komi á mótið bjóðum við þeim frían aðgang þar sem þau ekki þurfa að greiða fyrir mótsgjaldið.

Við hvetjum einnig kristna íslendinga til fyrirbænar fyrir mótinu og unga fólkinu sem tekur þátt í því.

Erika Vestre,
ráðgjafi hjá ungliðahreyfingu NLM

Nánari upplýsingar varðandi mótið gefur Helga Vilborg í gegnum netfangið helga.vilborg@sik.is eða í síma 533 4900.

Áskoranir og gleði!

Starf Kristniboðssambandsins í Japan: Kveðja frá Katsuko og Leifi Sigurðarsyni.

Við sendum ykkur öllum kveðjur okkar héðan frá Rokko eyju í Kobe. Við erum öll við góða heilsu. Nú í fyrsta skipti eru börnin okkar þrjú öll í sama skóla – Marist Brothers sem er alþjóðlegur katólskur skóli sem spannar allt frá leikskóla til framhaldsskóla. Hannes (17) er í ellefta bekk og er í „International Baccalaureate“ (IB) diplómanámi og hann útskrifast næsta vor. Námið er mjög krefjandi og hann hefur í mörgu að snúast að klára verkefni og skila þeim inn áður en skilafresti lýkur. Lilja (12) er í sjötta bekk og útskrifast úr grunnskóla í vor. Og Elín (7) byrjaði í fyrsta bekk núna í janúar og henni gengur ljómandi vel þrátt fyrir að hún sakni vina sinna úr gamla skólanum.

Vorið hefur verið hlýtt en þó nokkuð rigningasamt. Venjulega byrjar regntímabilið ekki fyrr en um miðjan júní og fram í júlí. En í fyrra kom rigningartímabilið mánuði fyrr og það lífur út fyrir að það sama verði uppi á teningnum í ár. Kórónusýkingum hefur fækkað jafnt og þétt síðan í febrúar. Daglegum tilfellum hefur fækkað mikið og eru nú um 35 þúsund ný smit. En þrátt fyrir þennan viðsnúning þá hafa stjórnvöld ekki enn opnað landið fyrir ferðamönnum. Og jafnvel þó að flestum takmörkum hafi verið aflétt er andlitsgrímu notkun enn í fullu gildi. Ef maður er ekki með andlitsgrímu er maður litinn hornauga.

Í byrjun ársins var tveimur fjölskyldum frá Noregi og Finnlandi loks leyft að koma til landsins – Barlaup fjölskyldan (NLM) og Rantamäki (FLM). Við erum öll mjög þakklát að þeim hafi loksins verið leyft að koma til Japans, en koma þeirra hefur tafist í nærri tvö ár. Í mars heldum við svo okkar árlegu trúboðsráðstefnu í Hiruzen. Þar sem margir kristniboðar búa langt frá Kobe þá eru ekki mörg tækifæri til að hittast. Ráðstefnan er því mikilvægt tækifæri til að skiptast á skoðunum um starfið og byggjast upp andlega. Að þessu sinni vorum við frá fjórum kristniboðssamtökum – NLM, FLM, FLOM og ILM. Við vorum alls tuttugu of tveir fullorðnir og þrettán börn.

Síðastliðin tvö ár hafa verið mjög erfið fyrir sóknarbörn kirkjunnar á Rokko eyju. Það hefur verið sérstaklega erfið fyrir



Fjölskyldan saman.



Þáskamorgunn við grafreit sem söfnuðurinn á.

aldraða, sem hafa upplifað mikla félagslega einangrun og einnig fyrir þá sem hafa verið í krefjandi vinnuáæðum. Fráfarandi sóknarnefndarformaður, sem er lækni, smitaðist af kórónaveirunni og hefur verið mjög upptekinn vegna faraldursins. Og fjölskylda aldraðs sóknar barns sem lést þegar heimsfaraldurinn stóð sem hæst gat ekki haldið opna útför í kirkjunni. Aðeins nánustu fjölskyldumeðlimir gátu verið við jarðarförina.

Þriðji einstaklingurinn sem ég vil nefna er eldri maður sem hefur reglulega sótt samfélag hjá okkur síðastliðin ár. Rétt áður en að faraldurinn skall á gekk hann í gengnum skilnað og í kjölfarið missti hann vinnuna. Hann var í yfirmannsstöðu og er kominn á þann aldur að það er ekki auðvelt fyrir hann að finna nýja vinnu. Hann ólst upp í kristinni fjölskyldu en sneri baki við trúnni ungur að aldri. En þessir erfiðleikar sem hann hefur gengið í gegnum olli því að hann hafði samband við okkur. Hann hefur hins vega ekki stigið skrefið til fulls og tekið skírni. En nýlega tilkynnti hann okkur að hann hefði fundið sér nýtt starf. Það er bænarsvar, en við höldum áfram að biðja fyrir honum að hann geti tekið skrefið til hjálpræðis til fulls.

Þetta er kannski lýsandi dæmi um eina

mestu áskorun sem kristniðóð stendur frammi fyrir í Japan. Leiðin til hjálpræðis er oft löng. Kristin trú er ennþá álitin mjög framandi af Japönsku samfélagi. Og þrátt fyrir langa sögu kristniðóðs í landinu og góð samfélags áhrif vegna stofnunar margra háskóla og sjúkrahúsa er kristin trú ennþá litin hornauga af mögum.

Þrátt fyrir að öllum höftum hafi verið aflétt í samfélaginu þá er samfélagið í söfnuðunum enn ekki komið í eðlilegt horf. Sumt fer enn aðeins fram í gegnum samfélagsmiðla. Og enn er mælt með grímnotkun og félagsforðun. Þrátt fyrir þetta hefur verið vöxtur í barnstarfinu. Um jólin voru mörg börn sem heyrðu um fæðingu frelsarans í fyrsta sinn. Og síðar í þessum mánuði munum við hefja fjölskylduguðsþjónustur að nýju eftir langt hlé. Annars erum við að skipuleggja tuttugu ára afmæli safnaðarins. Við ætlum að gefa út lítinn bækling með myndum og vitnisburði þeirra sem hafa tengst söfnuðinum með einum eða öðrum hætti í gengnum árinum. Það er mikil hvatning að lesa vitnisburði þeirra sem hafa komist til trúar. Það er bæn okkar að Guð haldi áfram að nota þennan söfnuð til að gefa þeim sem hér búa von um eilíft líf.

Sumarmót á Löngumýri

Árlegt sumarmót Kristniðóðsambandsins verður að Löngumýri í Skagafirði dagana 8. - 10. júlí. Dagskrá mótsins er í mótun en ljóst er að séra Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur mun sjá bæði um upphafsstund á föstudagskvöldið og biblíulestur á laugardagsmorgni. Leifur Sigurðsson kristniðóði heimsækir landið í sumar ásamt fjölskyldu sinni og stefnt er að því að hann sjái um kristniðóðsstund síðdegis á laugardag. Hefðbundin vitnisburðarstund verður í umsjá Kristniðóðsfélags karla á laugardagskvöldinu. Á sunnudag er stefnan tekin á einhverja kirkju í Skagafirði til að taka þátt í guðsþjónustu. Lokastundin er svo eftir hádegi á sunnudag. Skráning er á Löngumýri í síma 453 8116. Þar fást einnig upplýsingar um verð sem ræðst af því hvort fólk sefur inni eða í tjaldi og kaupir mat á staðnum eða ekki.



Gjafir og skattaafsláttur

Breytingar voru gerðar á lögum um tekjuskatt í fyrra og nú getur fólk fengið skattaafslátt vegna gjafa til starfs Kristniðóðsambandsins. Skrifstofan heldur utan um framlög og eru upplýsingar sendar til skattsins í lok árs og forskráðar á skattaframtöl. Afslátturinn kemur til endurgreiðslu þegar skattgreiðsla liðins árs er gerð upp 1. júní. Samanlagðar gjafir til almannaheilla þurfa að nema 10 þúsund krónum á ári og skattaafsláttur fæst fyrir gjafir að hámarki 350 þúsund á mann eða 700 hjá hjónum sé gefið í nafni beggja.



Sunnudagaskólinn á Rokko eyju.



Norskir og finnskir kristniðóðar ásamt samstarfsfólki.

Íslenskukennsla í Kristniboðssalnum

Aðsókn mikil og þörf á sjálfbaliðum.

Íslenskukennslan hefur gengið vel og í hverri viku bætast við nýir nemendur. Okkur gafst kostur á að sækja um viðbótar styrk frá Rannís fyrir þetta skólaár sem við og gerðum. Við fengum jákvætt svar sem var mikil blessun því það gerði okkur kleift að ráða kennara auk undirritaðrar í hlutastarf. Það breytti öllu þar sem í upphafi vorannarinnar voru enn strangar samkomutakmarkanir á meðan fjöldi skráðra nemenda var vel yfir þeim mörkum sem leyfleg voru. Ákveðið var að ráða sr. Báru Friðriksdóttur í starfið en hún hafði þá verið sjálfbaliði í íslenskukennslunni frá hausti og hefur mikinn áhuga og hjarta fyrir þessu starfi. Nú á vorönninni hefur verið kennt í þremur hópum á mismunandi getustigum og fylgjum við Evrópska tungumálarammanum við skiptingu hópanna. Vel yfir hundrað einstaklingar hafa verið skráðir á námskeiðin á þessari önn en stoppað í mislangan tíma eftir aðstæðum. Hlutfall flóttafólks er með mesta móti sem verið hefur og er nú um 90% nemenda og aldrei áður höfum við tekið á móti jafnmörgum hælisleitendum. Það er þá fólk sem bíður þess að fá hér dvalarleyfi og er því ekki komið með kennitölu. Þessir einstaklingar hafa ekki leyfi til að vinna og hafa mjög takmarkað val um að sækja önnur íslenskunámskeið sem í boði eru. Margir þeirra eru í mjög viðkvæmri stöðu sem gerir það að verkum að þeir geta ekki alltaf mætt í tíma eins og þeir vilja. Staðan virðist vera sérlega viðkvæm núna vegna mikillar aukningar flóttafólks til landsins og er það sannarlega fyrirbænaefni að þetta fólk, sem margt er með börn á framfæri, þurfi ekki að bíða of lengi í óvissu.

Fyrirbæna

Mig langar líka sérstaklega að biðja ykkur kristniboðsvini að muna eftir afgönsku nemendum okkar. Ástandið í Afganistan er enn mjög slæmt þrátt fyrir að nú sé lítið fjallað um það í fjölmiðlum héraendis. Við erum með nemendur sem upplifa sig bjargarlausar hér á meðan fjölskyldumeðlimir þeirra lifa í felum og í stöðugum ótta um líf sitt undir ógnarstjórn Talibana í Afganistan. Þetta er oftast en ekki ungt fólk, vart af táníngaldri, sem hefur verið að berjast fyrir mannréttindum og



Spjallið svifur létt með góðum mat.

þýr því við þessa ógn en eru of gömul til þess að fá að koma hingað á grundvelli fjölskyldusameiningar. Til marks um stöðuna í Afganistan þá er hættulegast að vera kristinn þar í landi samkvæmt „World Watch List“ samtakanna Open doors international. Þessi listi sýnir stöðu ofsókna gegn kristnum einstaklingum í heiminum og er uppfærður á hverju ári. Norður Kórea hefur lengi vel trónt á toppi listans en nú er það Afganistan sem er efst á listanum (<https://www.opendoorscanada.org/worldwatchlist/>).

Á sama tíma og allt þetta er að gerast finnum við að Jesús er að vinna sitt verk meðal þessa hóps. Margir nemendur hafa komið til okkar með tårin í augunum og þakkað fyrir að þetta starf sé til staðar og fyrir þá þjónustu sem við veitum. Margir hafa sagt við okkur að þeir finni eitthvað sérstakt þegar þeir koma hingað, einhvern kærleika, eitthvað sem þeir eiga oft erfitt með að útskýra en við vitum að það er nærvera heilags anda. En það er líka and-

leg togstreita og það er barátta um hjörtu fólksins. Þetta er sama andlega barátta og við höfum upplifað í starfinu okkar í Afríku í gegnum tíðina og því eru fyrirbænar ykkar kristniboðsvina svo óendanlega mikilvægar. Guð hefur fært okkur þennan kristniboðsakur, fært okkur heiminn hingað heim og það er okkar að vinna á þessum akri hvort sem það er með því að gefa af tíma okkar eða fjármunum eða með fyrirbæna.

„Því að baráttan, sem vér eigum í, er ekki við menn af holdi og blóði, heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingeimnum“. Ef. 6.12.

Mikilvæg tilbreyting

Í lok mars ákváðum við að brjóta aðeins upp hefðbundna kennslu og halda veislu til að fagna komu vorsins. Nemendur komu með kræsingar frá sínum heimalöndum og svo var sungið og dansað af öllum lífs og

sálarkröftum. Það var greinilegt að þetta gerði mikið fyrir nemendur sem margir hafa upplifað mikla einangrun síðastliðna mánuði. Flestir nemendanna koma úr menningu þar sem allt snýst um samfélag við nágranna og stórfjölskylduna og að koma svo hingað til Íslands í gjörólíka menningu er mikil áskorun og jafnvel áfall fyrir suma. Það var dansað langt fram á dag og hljómaði undir tónlist frá öllum heimshornum.

Vilt þú taka þátt?

Auk kennaranna sem stýra íslensku-kennslunni kemur hópur sjálfboðaliða að starfinu og án þeirra væri ekki hægt að halda þessu starfi gangandi með þeim hætti sem við gerum. Aðaláherslan í kennslunni sjálfri er að nemendur læri að bjarga sér og geti talað og þá koma sjálfboðaliðarnir sterkt inn þar sem skipt er í litla hópa til að þjálfa nemendur í að tala og tjá sig. Nemendur eru ólíkir og því þurfum við á ólíkum sjálfboðaliðum að halda. Ef þú hefur tök á að gefa af tíma þínum og taka þátt með okkur sem sjálfboðaliði í íslenskukennslunni getum við lofað að þú færð mikið í staðinn við að kynna fólk af annari menningu og uppruna og auk þess ógrynna af þakklæti.

Hafir þú áhuga á að kynna þér málið máttu hafa samband við Helgu Vilborgu í síma 533 4900 eða í gegnum netfangið – helga.vilborg@sik.is.

Helga Vilborg Sigurjónsdóttir



Framandi kræsingar á vorfagnaði íslenskukennslunnar.

Þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning

Reykjavík

Bónstöðin hjá Jobba ehf
Höfðakaffi ehf
Landssamband lögreglumanna
Bílasmiðurinn hf
Fella- og Hólakirkja
BSRB - bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Gullsmiðurinn í Mjódd
Henson Sports Europe á Ísl ehf
Happdrætti Háskóla Íslands

Seltjarnarnes

Borgarblöð

Kópavogur

Fríkirkjan Kefas
Rafmiðlun hf

Garðabær

Garðabær

Hafnarfjörður

Víðistaðakirkja
Eldvarnarþjónustan ehf

Suðurnesjabær

Hvalsnessókn

Mosfellsbær

Nonni Littli ehf

Akranes

Verslunin Einar Ólafsson ehf

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf

Þingeyri

Þingeyrarsókn

Hvammstangi

Húnaþrent sf
Guðni Þór Ólafsson

Akureyri

Akureyrarbær
Akureyrarkirkja
Gleráarkirkja

Dalvík

G.Ben útgerðarfélag ehf

Kópasker

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Egilsstaðir

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Héraðsprent

Vestmannaeyjar

Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf.



Hvað með þig?

Af kristniðóðsviku í Reykjavík

Það var mjög ánægjulegt að geta loks haldið kristniðóðsviku án allra takmarkanna dagana 6. – 13. mars. Að þessu sinni var sérstök áhersla lögð á að ná til ungs fólks með köllun til kristniðóðs og var undirbúningsnefndin að mestu skipuð ungu fólki. Nefndina skipuðu, auk undirritaðrar, Friðrik Páll Ragnarsson Schram, Margrét Helga Kristjánsdóttir og Bryndís Mjöll Schram Reed.

Yfirskrift vikunnar var: Hvað með þig? með vísun í Kristniðóðsskipunina í Matteus 28:18–20. Ýmsir viðburðir voru í boði alla vikuna og var þátttaka nokkuð góð. Auk hefðbundinna atburða eins og samkomu, bíókvölds, lofgjörðarkvölds og bænagöngu var briddað upp á nokkrum nýjungum einkum til að höfða til yngri kynslóðarinnar. Á fimmtudeginum voru á dagskrá pallborðsumræður þar sem kristniðóðar sátu fyrir svörum og á föstudagskvöldið var unglingasamkoma með þátttöku ungmenna úr ýmsum kirkjum og samfélögum á stórhöfuðborgarsvæðinu. Gestir vikunnar komu annars vegar frá Eþíópíu og hins vegar frá Noregi. Hjónin Getayawkal

og Biruktawit eru upprunalega frá Eþíópíu og tilheyra Mekane Yesus kirkjunni en hafa síðan 2011 búið í Bandaríkjunum þar sem þau þjóna Eþíópíum um allan heim í gegnum netið. Þau voru stödd hér á landi í fríi og buðust til að vera með á fyrstu samkomunni þar sem þau bæði sungu og Getayawkal talaði.

Seinni hluta vikunnar kom hópur frá ungliðahreyfingu norska kristniðóðs-sambandsins og tók þátt í dagskránni. Hans Kristian Skaar framkvæmdastjóri NLM – UNG talaði á unglingasamkomunni á föstudagskvöldið auk þess að hópurinn sagði frá UL, kristniðóðsmóti fyrir ungt fólk sem haldið er á hverju ári í Noregi og íslenskum ungmönnum býðst að taka þátt í. Kristniðóðsvikunni voru gerð skil á útvarpsstöðinni Lindinni og fór hluti af dagskránni fram þar. Hjónin frá Eþíópíu, sem áður er getið, voru í viðtali á mánudeginum og á laugardeginum tók hluti norska hópsins þátt í spjalli í þættinum „Lífið“ sem er þáttur fyrir ungt fólk á laugardögum. Aðrir ræðumenn vikunnar voru Margrét Helga Kristjánsdóttir, sem



Norðmenn fá sér ís.

talaði á miðvikudagskvöldið og Bjørn-Inge Furnes Aurdal, sem talaði á lokasamkomunni sem haldin var í Íslensku Kristskirkjunni. Á Lokasamkomunni fengum við einnig kveðju í gegnum netið frá Leifi Sigurðssyni kristniðóða í Japan og Karlakór KFUM tók lagið.

Markmið kristniðóðsviku er þrjúþætt: Að safna saman kristniðóðsvinum til að uppbyggjast í orði Guðs og efla samfélagið, að kynna kristniðóðsstarfið og að afla fjár til starfsins. Auk samskota á samkomunum voru seldar kökur og vöffur og kaffi eftir samkomur og voru það kristniðóðsfélög karla og kvenna sem höfðu umsjón með því. Eftir eina samveruna var fjáröflunarbíngó. Einnig var seldur varningur, fatnaður og límmiðar með kristilegum tilvitnunum og Biblíuversum og á föstudagskvöldið gaf Þór Bínó í Bínóís á Háaleitisbraut hluta af innkomu til starfsins. Það söfnuðust um það bil 1,1 milljón króna í vikunni sem er mun meira en við gerðum okkur vonir um. Við þökkum öllum sem gáfu og styrktu starfið og biðjum Guðs blessunar. Hver einasta króna mun nýtast vel í starfinu bæði úti og hér heima meðal flóttafólksins.

Helga Vilborg Sigurjónsdóttir



Sungið á unglingasamkomu.

Skólaverkefni skila árangri

30 kennslustofur, 15 heimavistir og fleira á 15 árum



Nýjasta skólabyggingin við Propoi Girl's High School.

Kristniboðssambandið hefur á liðnum 45 árum unnið að boðun, fræðslu og menntun barna og ungmenna í Pókothéraði í Keníu og einnig í nágrennahéruðunum síðustu árin. Skólaárið fylgdi alltaf almanaksárinu með fríi í apríl (plægja akra og sá), ágúst (hreinsa illgresi og uppskera baunir) og lok nóvember auk desember (uppskera maís). Með heimsfaraldrinum riðlaðist skipulagið. Nýtt skólaár hófst um mánaðamótin apríl/mái. Fjármunir til menntaverkefnis Kristniboðssambandið fóru meðal annars til að styrkja hóp nemenda sem eiga erfitt með að greiða skólagjöld.

Kristniboðssambandið hefur síðustu fimmtán árin tekið þátt í uppbyggingu 30 kennslustofa, 15 heimavista og 5 mötuneyta við 21 skóla og auk þess stóra skrifstofubyggingu. Mest hefur verið gert í Propoi þar sem kristniboðsstöðin í Chepareria er. Þar er nú fjölmennur grunnskóli og framhaldsskóli stúlkna með um 500 nemendur. Svæðið er því orðið eins og líftill bær.

Gott samstarf og styrkur utanríkisráðuneytisins hefur gert gæfumuninn við þessar byggingar en þaðan hefur um 80% af fjármagninu komið. Með þessum verkefnum hefur aðstaðan batnað til muna og afraksturinn er að fleiri fá tækifæri til

náms. Ekki síst eflir þetta stúlkur og eykur líkur þeirra á að komast í háskólanám. Heimamenn eru afar þakklátir fyrir þessa aðstoð. Í allt hefur Kristniboðssambandið tekið þátt í uppbyggingu 30 skóla, með um 100 skólastofum og 15 heimavistarbyggingum frá upphafi starfsins.

Fjórar kennslustofur og tvær heimavistir tilbúnar

Síðastliðinn vetur var byggt við 4 skóla, tvær kennslustofur við tvo grunnskóla og tvær heimavistir við framhaldsskóla. Þessar byggingar eru á starfssvæði Chepareria og Kongelai, þar sem íslenskir kristniboðar störfuðu. Skólarnir hafa verið reknir í nokkur ár í ófullnægjandi húsnæði. Þessi nýja aðstaða breytir því miklu.

Utanríkisráðuneytið styrkir meira

Sótt var um aftur til utanríkisráðuneytisins fyrir yfirstandandi ár þar sem ætlunin var að byggja 4 kennslustofur og tvær heimavistir til viðbótar. Í byrjun mánaðarins barst svar um að Kristniboðssambandið fengi helming þess sem sótt var um eða styrk upp á rúmar 8 milljónir. Því stefnir í að byggt verði við tvo skóla, skólastofur við grunnskóla og heimavist við framhaldsskóla.

Rúmlega 50 nemendur fögnuðu útskrift í byrjun apríl

Í byrjun apríl var hátíðisdagur hjá rúmlega 50 prédikurum sem luku sérstöku hraðnámi til að verða gjaldgengir sem prestar í þjónustu kirkjunnar í Pókothéraði. Sátu þeir á skólabekk í fræðslumiðstöð kirkjunnar, Kapenguria Bible Centre, í þremur áföngum á liðnum tveim árum. Áður voru þeir búinir að ljúka prédikaranámi sem tók þá 4 ár.

Sannkölluð hátíð var í Kapenguria, en ættingjar og vinir komu til að samfagna. William Lopeta biskup ávarpaði nemendurna og hvatti þá. Sungið var og dansað að hætti heimamanna.

Verðandi prestar verða svo vígðir í áföngum á næstu mánuðum. Með þessari fjölgun er bætt úr brýnum skorti og stórt skref stigið til sjálfbærni og sjálfstæði kirkjunnar eftt.

Kraftur í útbreiðsluverkefninu í Keníu

Kristniboðssambandið greiðir meginhluta kostnaðar við boðunar- og útbreiðsluverkefni kirkjunnar á nýjum stöðum í Pókothéraði og nágrenni. Vaxandi áhersla er á Baringo, þar sem pókot-málið er líka talað en það liggur austur og hefur verið kallað Austur-Pókot. Verkefnið er með prédikara og presta á sínum snærum og greiðir launa- og ferðakostnað með styrk Kristniboðssambandið.



Ný bygging við grunnskólann Napis Primary School í febrúar 2022

Gott er að lesa góða bók
– og gott er að gefa góða bók!


Sumartilboð

Bjartir morgnar og björt kvöld og sumarfrí er kjörinn tími fyrri bókaletur. Nú bjóðum við fjórar góðar ævisögur sem allar eru fróðlegar, uppörvandi og hvetjandi á sérstöku sumartilboði.



Það er alveg satt!
Lífshlaup og starf kristni-
boðanna Kjellrunar Langdal
og Skúla Svavarssonar
kr. 4.000,-
~~kr. 6.000,-~~

Höfundur: Vigfús Ingvar Ingvarsson.
Myndskreytt, 192 bls.



Marteinn Lúther
kr. 3.000,-
~~kr. 5.000,-~~

Höfundur: Roland Bainton.
Skreytt myndum af tréistum
frá samtíma Lúthers. 362 bls.



Ruth og Billy Graham
Hjón sem breyttu heiminum.
kr. 2.000,-
~~kr. 3.400,-~~

Höfundur: Hanspeter Neusch.
Myndskreytt, 344 bls.



Konan með opna faðminn
Lífshlaup og æviminningar
Immu á Hernum.
kr. 1.000,-
~~kr. 2.400,-~~

Höfundur: Sigríður Hrönn
Sigurðardóttir.
Myndskreytt, 208 bls.



Sumarpakki
kr. 8.000,-
~~kr. 10.000,-~~

Allar fjórar saman og bókin *Dauðinn, sorgin og vonin* eftir Flemming Kofod-Svendsen fylgir auk þess með í kaupbæti. Athugið að velja „Sumarpakki“ á vefsíðunni saltforlag.is.



Tilboðin gilda til 30. júní á vefsíðunni saltforlag.is, á Basarnum nytjamarkaði Austurveri (Háaleitisbraut 68) og á skrifstofu Kristniboðssambandsins (Háaleitisbraut 58-60), sími 533 4900.

SALT EHF | SALTFORLAG.IS

Ráðstefna um kristilega fjölmiðlun á Íslandi

Dagana 10. – 13. nóvember stendur til að halda þverkirkjulega ráðstefnu um kristilega fjölmiðlun á Íslandi. Staðið hefur til að halda ráðstefnuna síðan vorið 2020 en af ástæðum sem við öll þekkjum hefur henni verið frestað þrisvar sinnum. Við biðjum og vonum að nú loksins megi verða af þessum viðburði en von er á hópi frá kristniðóðshreyfingunni MediALLIANCE í Texas í Bandaríkjunum sem mun kenna á ráðstefnunni.

Samtökin MediALLIANCE starfa þvert á kirkjudeildir og menningarheima að því markmiði að efla kristið fólk í notkun fjölmiðla, þ.e. sjónvarps, útvarps og samfélagsmiðla til boðunar fagnaðarindisins. Þau hafa m.a. starfað náið með Sat7 sjónvarpskristniðóðinu sem SÍK er aðili að og hafa þjálfað stóran hluta starfsfólks og sjálfboðaliða þar auk þess að vera aðili að starfinu og styðja það fjárhagslega líkt og við gerum.

Ron Harris er stofnandi og forseti samtakanna en hann kom hingað til lands í

september 2019 til þess að kynna starf MediALLIANCE og kynna aðstæðum á Íslandi með það fyrir augum að halda hér námskeið eða ráðstefnu til að styðja við kristilega fjölmiðlun. Góður hópur af fólki mætti á samveru með Ron og í kjölfarið myndaðist hópur sem hittist reglulega til að vinna saman að þessu málefni. Hópurinn hefur ekki hist síðan vorið 2020 en nú er loksins útlit fyrir að hægt verði að halda ráðstefnuna með gestum frá Texas. Það eru Kristniðóðssambandið og Lindin kristleg fjölmiðlun sem standa fyrir ráðstefnunni en von okkar er að þar geti kristið fólk úr ólíkum samfélögum sameinast í því að finna út hvernig best sé að nota nútímataekni til að koma boðskap Biblíunnar út til íslensku þjóðarinnar.

Nánari upplýsingar um viðburðinn verða birtar þegar nær dregur á netsíðum SÍK og Lindarinnar.



Ron Harris

Orð til uppörvunar

Náð og friður í erli dagsins

„Í friði leggst ég til hvíldar og sofna, því að þú, Drottinn, lætur mig búa óhultan í náðum. --- Drottinn, á morgnana heyrir þú rödd mína, á morgnana legg ég bæn mína fram fyrir þig og ég bið þín.“

Sálmur 4,9 og 5,4.

Þannig var samband Davíðs konungs við Drottin og þannig einnig daglegt líf kristins manns:

- Um kvöldið friður og öryggi.
- Um morguninn bæn og þakklæti og eftirvænting.

Sambandið við Guð byggir á einfaldri trú og trausti. Hafir þú lagt málefni þín fram fyrir hann þá mun hann taka þau að sér (sbr. Jobsbók 35,14).

Að byrja daginn í bæn og þakklæti til Drottins er besta veganestið inn í daginn og vernd í freistingum og áskorunum dagsins. Og blessun hans fylgir þér í verkefnum sem þarf að vinna. Það er



Drottinn sem heilsar þér að morgni og segir: Góðan dag!

Að lifa lífi sínu í Kristi, í stöðugri náð hans gerir þér kleift að leggjast til hvíldar að

kvöldi umvafinn náð hans og friði. Hann svarar kvöldbæn þinni í mildi sinni og segir: Góða nótt!

FHZ

Áskoranir í Vestur-Afríku

Sveinn Einar Zimsen Friðriksson er svæðis-
stjóri kristniþóðsstarfs norska Kristni-
þóðssambandsins í Vestur-Afríku. Hann
býr ásamt Anitu eiginkonu sinni og fjórum
börnum þeirra á Fílabeinsströndinni en
starfið nær einnig til nágrennlandsins
Malí.

Í frétt í Utsyn, tímariti norska kristni-
þóðssambandsins, í mars síðastliðnum
greinir Sveinn Einar frá stöðu starfsins:

– Ástandið á þessu svæði, þá sérstaklega
í Malí, hefur lengi verið krefjandi af völdum
átaka milli uppreisnaráttakara, valdarána og
spillingar. Vegna þessara átaka hefur verið
komið á refsiaðgerðum, sem fela meðal
annars í sér lokanir á landamærum, sem
aftur leiða af sér hömlur á flugi milli landa
og einnig hafa bankar lokað fyrir erlendar
millifærslur. Samkvæmt Sveini Einari geta
þessar aðgerðir skapað langtíma vanda-
mál sem meðal annars hafa áhrif á kristni-
þóðsstarfið.

Fólk í Malí hefur orðið fyrir vonbrigðum
með alþjóðleg afskipti af ástandinu þar
sem þau virðast lítil sem engin áhrif hafa
haft. Í landinu situr nú bráðabirgðastjórn
sem hefur þjóðina að baki sér. Svo virðist
sem fólk vilji gefa þessari stjórn tækifæri
og á meðan svo er, er nokkuð friðsamlegt
í Bamako, höfuðborg landsins en átökin
hafa verið að nálgast það svæði.

Þrátt fyrir þessar áskoranir segir Sveinn
Einar að margt sé til að gleðjast yfir í
starfinu í Malí bæði þegar kemur að
þróunarsamvinnu og útbreiðslustarfi
kristniþóðsins.



Bergfrid Almelid sýnir á lifandi hátt hve mikið
vatn er í ánni þó langt sé liðið á þurrkatímann.



Kýrnar streyma á ný að ánni sem var uppþornuð en rennur nú sem aldrei fyrr.
Á myndinni er líka verkefnisstjórinn Youssouf.

– Staðan í landinu gerir það að verkum
að við fylgjumst nánar með fréttum frá
Malí en annars. Bæn okkar og von er að
ástandið versni ekki, segir hann.

Sveinn Einar biður kristniþóðsvini um
fyrirbæni. – Ég vil ekki orða það þannig að
ástandið sé hættulegt eða ógnvekjandi
en við þurfum á fyrirbæni að halda svo við
getum haldið áfram þessu góða starfi sem
verið er að vinna, segir hann að lokum.

Kristniþóðsfréttir höfðu samband við
Svein Einar vegna þessara fréttu. Hann
bætir við að síðan hann sendi Utsyn
fréttina hér að ofan hafi erfiðleikarnir
frekar aukist þegar kemur að ferðalögum
milli landanna. Starfsfólk kristniþóðsins
í Abidjan á Fílabeinsströndinni þurfi að
sýna mikla útsjónarsemi við skipulagningu
ferðalaga þar sem fara þurfi um önnur lönd
til að komast til Malí hvort sem um ræðir
akandi eða fljúgandi. Hann segir það ekki
gott fyrir starfið m.a. vegna mun hærri
kostnaðar.

Starf kristniþóðsins í Malí gangi þó vel.
Bergfrid Almelid er eini kristniþóðinn í
Malí sem stendur. Hún vinnur áfram að
verkefnunum í þorpinu og við fylgjumst

stöðuglega með og grípum til mismunandi
öruggisaðgerða þegar þörf krefur.

Meðfylgjandi myndir eru teknar nýlega
og sýna árangur þróunarsamvinnu verk-
efna á svæðinu. Vel hefur gengið að fylla
í holur og göng sem grafin voru við leit
að gulli eins og greint hefur verið frá hér
í blaðinu. Önnur verkefni að undanfögnu
eru gerð fiskitjarna þar sem íbúar þorpsins
geta veitt sér í soðið og einnig að veita
vatni í uppþornaðan árfarveg til að m.a.
húsdýr hafi aðgengi að vatni.

Kristniþóðsfréttir minna kristniþóðsvini
um að biðja einnig fyrir þessu mikilvæga
starfi í Vestur-Afríku. Á Fílabeinsströndinni
eru nokkrar fjölskyldur að störfum, í
boðunar- fræðslu- og þróunarverkefnum.
Starfað er á tveim svæðum - í höfuð-
borginni Abidjan og í norðvestur héruðum
landsins - með miðstöð í bænum Oaninou.
Í bæjarhlutanum Yopougon í Abidjan
er ný kirkja, sem fjallað hefur verið um í
Kristniþóðsfréttum. Þar er öflugt starf af
ýmsu tagi.

Vorferð íslenskunemenda 2022

Þriðjudaginn 17. maí fór hópur íslenskunemenda Kristniboðssambandsins ásamt kennurum sínum Helgu Vilborgu Sigurjónsdóttur og Báru Friðriksdóttur og tveimur sjálfboðaliðum, þeim Önnu Magnúsdóttur og Ragnheiði Sverrisdóttur í afskaplega vel heppnaða vorferð. Ferðinni var fyrst heitið á Þingvelli þar sem Torfi Stefán Jónsson, fræðslufulltrúi, tók á móti okkur í fræðslusetrinu. Hann sagði nemendum stuttlega frá sögu staðarins og náttúrunni og allt var túlkað fram og til baka á ensku, íslensku, spænsku og persnesku. Eftir að hafa skoðað fræðslusetrið, sem er mjög áhugavert þar sem nýjasta tækni er nýtt til að miðla gagnvirkri fræðslu, var gengið niður Almagnagjá að Öxarárfossi með viðkomu á Lögbergi. Sumir nemendanna höfðu komið áður á Þingvelli en flestir höfðu aldrei farið út fyrir höfuðborgina eftir að þau fluttust hingað. Þau voru einstaklega hrifin af náttúrunni og varð nokkrum á orði að þau þyrftu miklu fleiri daga þarna til þess að njóta og upplifa.

Það var vinsælt að taka myndir við Öxarárfoss sem var einstaklega vatnsmikill og fallegur þennan dag. Það blés aðeins á okkur í þjóðgarðinum og nokkrir dropar féllu en það skyggði nú ekki á gleðina. Frá Þingvöllum lá svo leiðin í sumarþúðirnar í Vindáshlíð í Kjós. Þar áttum við fyrst saman stutta stund í kirkjunni. Helga Vilborg sagði frá því hvernig kirkjan komst í heilu lagi, fyrir fyrirbæn og kraftaverk Guðs, frá Hvalfjarðarströnd og alla leið í Vindáshlíð.



Hópurinn á Lögbergi.

Þetta fannst þeim merkileg frásögn og greinilegt að hún snerti við þeim. Við sungum saman og kennslukonurnar Bára og Helga Vilborg tóku lagið og sungu fallegan sumarsálm fyrir nemendurna við mikinn fögnuð. Eftir stundina snæddum við hádegisverð í matsalnum og einhverjir nýttu tækifærið til leikja úti við í blíðunni, sem tók á móti okkur í Hlíðinni, áður en haldið var aftur heim á leið.

Fyrir ferðina auglýstum við á samfélagsmiðlum eftir styrkjum þar sem svona ferðalag hefur töluverðan auka kostnað í för með sér. Fjölmargir brugðust við því kalli og tókst að dekkja að fullu útgjöld vegna ferðarinnar. Við viljum þakka öllum sem lögðu lið og gerðu okkur þannig kleift að gefa nemendum okkar ógleymanlega upplifun. Þau voru öll í skýjunum með daginn.

Bestu þakkir færum við líka vinum okkar og nágrönnum í Hjálpræðishernum sem bæði styrktu og aðstoðuðu okkur við ýmislegt í tengslum við ferðina og eins sumarþúðunum í Vindáshlíð. Við virkilega nutum þess að fá að koma þangað og gott að fá að nýta aðstöðuna. Við þökkum einnig Torfa S. Jónssyni fræðslufulltrúa á Þingvöllum hans frábæru móttökur.

Þá viljum við einnig þakka rútuþyrir-tækinu Snæland Grímsson sem gaf okkur afslátt og síðast en ekki síst rútuþjórannum sem var svo einstaklega þolinmóður og almennilegur við okkur.

Guð blessi ykkur öll fyrir gjafir ykkar og þjónustu.

Helga Vilborg Sigurjónsdóttir



Viðkoma í Vindáshlíð.

Við minnum á...

Gjafakort SÍK

kjörin til að gefa í afmælisgjöf, jólagjöf eða við önnur tækifæri.

Minningarkort SÍK

Góð kveðja og leið til að votta samúð.

Basarinn

Nytjamarkaðurinn Basarinn er opin frá kl. 12:00 til 18:00 mánudaga til föstudaga í Austurveri (Háaleitisbraut 68).

Fylgist með á facebook.com/basarinn eða hringið í síma 562 6700.



Birta og ylur

Sumargjöf til kristniboðsins með hjálp valkröfu

Um svipað leyti og Kristniboðsfréttir koma út er send valkrafa til áskrifenda í heima-banka til að auðvelda þeim að gefa sumargjöf til kristniboðsins. Sumarið er tími vaxtar og uppskeru. Forsendur þess eru jarðvegur, rigning eða áveita, birta og ylur.

Kristniboðsstarfið er á margan hátt líkt sumarvexti, þar sem margvíslegum verk-efnum er sinnt innan lands sem utan. Starfið miðar að því að bæta líf fólks með boðskap fagnaðarerindisins og margvíslegri hagnýtri aðstoð og stuðningi til sjálfshjálpar.

Til að starfið beri ávöxt þarf það umönnun og þar skipta þátttaka okkar, fyrirbætur og fjármunir miklu máli. Án þess takmarkast allt, rétt eins og ef regn, birtu eða yl vantar. Okkar þátttaka, fyrirbætur og framlög eru eins og birta og ylur sem gefur ríkulegan ávöxt.

Það skal tekið fram að valkrafan er spurning um val, sé hún ekki greidd fellur hún niður að loknum ákveðnum tíma. Hún er ekki kvöð heldur kall til að láta gott af sér leiða og blessa aðra.

Gjafir til SÍK á bilinu 10-350 þúsund á ári á mann veita skattaafslátt og eru forskráðar á skattaframtali eftir upplýsingum frá Kristniboðssambandinu. Greiddar valkröfur falla þar undir.

Að lokum má minna á bæn Bjarna Eyjólfssonar í gömlum sálmi: „Leyf mér að vera, barn þitt og bera, birtu og yl frá þér“. Biðjum, gefum og horfum síðan á verk Guðs og blessun hans manna á meðal. Við gerum okkar og fáum síðan að fylgjast með því sem hann gerir.